

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður



Reykjavík 2. maí 2016
UST201604-116/B.S.
10.04.03


Efni: Deiliskipulag – Bíldudalur. Umsögn

Vísað er til bréfs Vesturbyggðar dags. 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Hér er verið að skilgreina nánar og festa í sessi starfsemi á núverandi iðnaðar- og hestamannasvæði. Nokkur starfsemi er nú þegar á umræddu svæði. Í greinargerð kemur fram að hér er um að ræða graslendi/ mólendi.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag. Svæðið er við aðkomuveg að Bíldudal og telur stofnunin að leggja eigi áherslu á góða umgengni á svæðinu þannig að það spilli ekki ásýnd bæjarins.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur